


Áráttan

ÁRSFJÓRDUNGSLEGT YFIRLIT VATNAMÆLINGA JANÚAR - MARS 1996



Skýringar

Á kortinu eru merktar mælistöðvar og vatnsviðin ofan þeirra. Tölnar á vatnsviðunum merkja meðalrennsli ársfjórðungsins í m^3/s , litur þeirra sýnir það rennslí sem prósentu af meðalrennsli sama ársfjórðungs hjá viðkomandi mæli árin 1976-1990. (Hjá Kleifarvatni merkir talan meðalvatnshæð ársfjórðungsins í m y.s. og liturinn frávik í cm frá meðalvatnshæð hans 1976-1990).

> 160 %	(> 150 cm)
140 - 160 %	(100 - 150 cm)
120 - 140 %	(50 - 100 cm)
100 - 120 %	(0 - 50 cm)
80 - 100 %	(-50 - 0 cm)
60 - 80 %	(-100 - -50 cm)
< 60 %	(< -100 cm)

Vatnafar: Á kortinu blasir við að öll athuguð vötn hafa verið yfir meðallagi, Grímsá í Skriðdal reyndar verulega yfir. Djúpá er lítið að marka, hún býr alltaf að sínu Síðujökulsframhlaupi 1993-1994. Súluritin sýna að dálítil flóð fyrri hluta marsmánaðar hafa hvarvetna reynst drýgst til að halda meðalrennslinu uppi og benda má á að Ölfusá var flesta daga undir meðallagi.


Hitastig (hér er stuðst við Reykjavík og Akureyri) var heldur lægra en á viðmiðunartímabilinu í febrúar, en langtum hærra en á því hina mánuðina. Allúrkamusamt var í Reykjavík í febrúar og mars, og á Akureyri í febrúar, en þar var þurrviðrasamt mjög hina mánuðina. Vegna hlýindanna var snjór á háleindi í minnsta lagi nema á hæstu fjöllum.



Skeiðarárhlaup varð um páskaleytið, 19/3-13/4. Varð hámarksrennslíð $2900 m^3/s$ þ. 6/4 (það mesta síðan 1976), en heildarvatnsmagn hlaupvatns mældist 1060 Gl.

Önnur tíðindi: Mikil umræða var um framtíðarskipulag Orkustofnunar og þar með Vatnamælinga.

Gengið var frá samstarfssamningi við Landmælingar Íslands um gerð vatnagrúnns á tölvutæku formi fyrir landfræðileg upplýsingakerfi (LUK). Ætti hann að gagnast öllum þeim sem láta sig umhverfismál tengd vatni einhverju skifta, svo sem Veiðimálastofnun.

Við bendum á að áskrift að Áráttunni er ókeypis enn um sinn.







	Meðalr.	Hám.	dag.-kl.	Lágm.	dag.-kl.
Jan	80,2	220	18-07	70,9	30-09
Feb	77,8	240	20-22	60,2	24-03
Mar	98,6	358	08-19	74,5	24-11

Jafnaður meðalferill er fyrir árabilinum 1976-1990

Hvítá, Borgarfirði; Kljáfoss 1996




	Meðalr.	Hám.	dag.-kl.	Lágm.	dag.-kl.
Jan	12,5	24,6	03-01	10,2	27-12
Feb	11,1	25,1	20-23	8,83	21-19
Mar	12,8	47,3	08-16	8,17	20-10

Jafnaður meðalferill er fyrir árabilinum 1976-1990


Jökulsá vestri, Skagafirði; Goðdalabré 1996

- Engin athugasemd
- * Rennsli áætlað vegna íss í farvegi
- Á Rennsli áætlað af öðrum ástæðum
- Q Rennslismæling þann daginn
- J Jökulhlaup



Almennar skýringar: Á þessari síðu og þeim sem á eftir koma eru birt gögn frá tveim mælistöðvum. Frá hverri stöð eru sýnd: 1) Súlurit yfir rennsli dag fyrir dag ársfjórðungnum, 2) súlurit yfir meðalrennsli hvers mánaðar það sem af er árinu og 3) tafla yfir meðalrennsli hvers mánaðar og sömuleiðis haesta og lægsta augnabliksrennsli mánaðarins og hvenær það átti sér stað. Þá er á súluritin dreginn langtíma meðalferill fyrir tiltekið árabil. Þar hefur reyndar fyrir hvern dag ársins verið tekið til lit til meðalrennslisins 15 næstu daga á undan og eftir, til að fá skýran, jafnan feril, þar sem t.d. eitt einstaktt skammttíma stórflokk spíllir ekki heildarsvipnum. Litar annar en fagurblár á dagsgildamyndinni og merki framan við rennslistölu í töflunni merkir athugasemd af einhverju tagi við rennslið viðkomandi dag og er það skýrt hér til vinstrí. Rennslismælikvarðinn á súluritinum er jafnan hafður sá sami hjá súmu mælistöð en komi fyrir að rennslið fari upp fyrir hann er það sýnt í töluum ofan þess. Þess er rétt að geta að rennslið er yfirlit fundið óbeini út frá vatnshæð vatnssfallsins við mælistöðina, sem oftast er skráð samfellt, en milli vatnshæðar og rennslis á að vera fast samband (sem að vísu er misvel þekkt hjá hinum einstökum stöðvum) svo lengi sem farvegur við og næst fyrir neðan mælistöðina breytist ekki. Algengasta ástæða þess að áætla þarf rennsli er að nefnt samband hefur farið úr skordum vegna íss í farvegi. Áðrar ástæður eru t.d. tekjabilun í mælistöð. Athugasemdir „Rennslismæling þann daginn“ merkir að rennslið hafi þá verið mælt beint. Skýrla síðasta ársfjórðungs hvers árs hefur örilitla sérstöðu, meðalrennsli og útgildum fyrir árið í heild er þá bætt við neðst í mánaðargildatöfluna. Loks er ofan á súluritin fyrir Þjórsá bætt ferli í rauðum lit fyrir forða í Þórisvatni kl. 24 dag hvern og einnig langtímaferli, sams konar og frá var sagt fyrir rennsli, en hér fyrir árabilinum 1986-1995.



Grímsá, Skriðdal; Grímsárvirkjun 1996



Jafnaður meðalferill er fyrir árabilinu 1976-1990




Jafnaður meðalferill er fyrir árabilinu 1976-1990



Djúpá, Fljótshverfi; brú 1996

Fróðleiksmolar um vatnshæðarmæla: Vatnamælingar snúast einkum um tvennt: *Vatnsborðshæðarmælingar og rennsismælingar.* - Hér skal fjallað ögn um fyrnefnda þáttinn. Vatnshæðir eru mældar í vatnsföllum, stöðuvötnum, borholum og víför. Þær eru gefnar upp sem hæð vatnsborðsins í m eða cm miðað við fasta viðmiðunarhæð (0-punkt). Hún gæti verið meðalhæð sjávarborðs, þá fengist vatnshæðin í m y.s. Sjaldnast snýst áhuginn um aðeins eina mælingu í eitt skifti á hverjum stað, oftast vilja menn fá tímarröð mælinga, all- veg samfellað eða a.m.k. þéttslitrótt. Jafnt mæli sem skráningurbúnaðurinn er af ýmsu tagi. - Hér skal sagt frá ferns konar mælitólum til vatnsborðsmælinga, skráningargréjurnar bíða næsta tölublaðs. - 1) *Kvarði.* Hann er nokkurs konar lóðréttum tommustokkur, svipað merktur og mælistengur þær sem landmælingamenn brúka til hallamælinga. Er honum fyrir komið við bakka ár eða stöðuvatns og kyrfilega festur, í klöpp ef kostur er. Gjarna er svo um búið að skammtímasveiflur, svo sem af vindu séu þar minni en úti í vatninu. Er þá lesin með eigin augum tala sú er við vatnsborð nemur. Þessi aðferð er nú fáttíð. Sums staðar var lesið af daglega, annars staðar á svo sem þriggja daga fresti, en oftar þegar vatnsborð breytist hratt svo sem í flóðum. - 2) *Brunnmælar.* Brunnur, timbri fóðraður í veggi og botn, er gerður við bakka og nái botninni

neðar lægsta mögulegu vatnsborði úti fyrir, en lárétt pípa liggur neðst úr brunninum út í vatnið. Prenging einhvers konar er í pípmuni svo öldugangs úti fyrir gæti ekki eins inn í brunni. „Brunnurinn“ gæti einnig verið borhola. Ofan á öllu er torfhleðsla til varnar frosti og þar ofan á mælishús, gjarna hvít með rauðri burst. Standa þar inni skráningartækí á hillu. Tengjast þau trissu einni, er vír liggur yfir. Annar endi hans er festur í flotholti í vatnsborði brunnsins, í hinum endanum hangir mótvigt til að halda vírnum strekkum. Snúningur trissunnar á hvorn veg verður þá í réttu hlutfalli við lyftingu og sig flotholts, þ.e. vatnshæðarbreytinguna úti, og kemur fram á skráningartækí. Brunnmælar eru nokkuð kostnaðarsamir í upsetningu og ekki færarenlegir, hafa því ekki verið byggðir í seinni tíð. - 3) *Loftbólumælar.* Hér er allflóknun mæli- og skráningurbúnaði komið fyrir í manngengum skúr með nægu olbogarými. Frá gaskút er stjórnað streymi köfnunarefnis til svonefndis „skammtara“, en frá honum liggur plaströr, sveigjanlegu járrnöri varið, og nær neðri endi þess ofan í vatnið sem mæla skal, svo djúpt sem kostur er, og er þar tryggilega frá honum gengið svo að hæð hans raskist ekki. Getur hann verið marga tugi metra eða lengra frá mælisíðum. Svo er stillt til að jafnan sé örliðið gasbólustreymi um rörið og út í vatnið. Verður (frh. á næstu síðu)



Þjórsá; Sandafell 1996



	Meðalr.	Hám.	dag.-kl.	Lágm.	dag.-kl.
Jan	299	440	17-23	253	27-10
Feb	335	651	15-02	214	24-13
Mar	416	1010	09-10	260	30-04

Jafnaður meðalferill er fyrir árabilið 1976–1990

Ölfusá; Selfoss 1996

(frh.) gasþrýstingurinn í rörendanum jafn samanlögðum þrýstingi af völdum vatns- og loftssúlunnar sem yfir honum hvíla. Nú er mælibúnaður svo úr garði gjör að hann mælir og kemur til skráningartækis breytingunni á mismuni gasþrýstings við efri enda rörs (í skammtaranum) og loftþrýstings úti fyrir í skúrnum. Þessi breyting svarar þá til breytingarinnar á hæð vatnssúlunnar yfir neðri rörenda. Er þá að vísu litlð fram hjá smáskekkjum sem t.d. stafa af ögn breytilegri eðlisþyngd andrúmsloftsins úti fyrir með veðri og köfnunarefnisins í rörinu með vatnshæð, einnig af smáaukaþrýstingi til viðhalds gassstreymingu gegn núningsmótstöðu í rörinu. En mælibúnaðurinn sér reyndar við þessum skekkjum að mestu. - 4) *Prýstiskynjari*. Eins og hjá loftbólumælunum getur „mælabúr“ verið harla fjarri vatnini. Liggur frá því rafleiðsla, járnröri varin,

og innan í henni grónn loftslanga opin í efri enda svo þrýstingurinn inni í henni er jafn loftþrýstingnum úti fyrir í sömu hað. Þetta liggar svo að skynjara, sem frá er gengið úti í vatninu líkt og rörendanum hjá loftbólumælinum. Skynjarinn nemur þrýstingsmuninn á vatninu úti fyrir og loftinu í slönguendanum inni fyrir. Breytingin á honum svarar því til hæðarbreytingar vatnssúlunnar yfir skynjaranum, þar eð munurinn á loftþrýstingi í skynjaranum og við vatnsvirborð er óvera. Breytingin á fyrرنefndum þrýstingsmun skilar sér svo með rafboðum til stafræns skráningartækis. - Bæði í tilfelli 3) og 4) er hugvitssamlega „strikuð út“ þrýstingsbreyting sú í mælipunktinum niðri í vatninu sem rekja má til hæða- og lægðagangs í lofhjúpnum og oft er samþærileg við breytinguna vegna hækunar og lækkunar vatnsvirborðs. (Frh.)